

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki
og búnað lögreglumanna, nr. 528 18. ágúst 1997.

1. gr.

Við grein 18, ákvæði til bráðabirgða, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er til 1. apríl 1998 að bera einkennishúfu 1 með öðrum einkennisfatnaði en jakka 1 og regnfrakka.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.

18. desember 1997

Nr. 717

AUGLÝSING

um sameiningu Dalabyggðar og Skógarstrandarhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Dalabyggð og Skógarstrandarhrepp í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Dalabyggð.
2. Dalabyggð hin nýja skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Skógarstrandarhreppi og Dalabyggð.
3. Íbúar Skógarstrandarhrepps og Dalabyggðar skulu vera þegnar hinnar nýju Dalabyggðar.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Dalabyggð og Skógarstrandarhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Skógarstrandarhrepps skulu afhent Dalabyggð til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem var kjörin í Dalabyggð í kosningum þeim, er fram fóru 28. maí 1994, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hinnar nýju Dalabyggðar. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.